




Háteigur



10. árgangur 6. tbl.

22. ágúst 2006

HAUSTBRÉF

<http://www.hateigsskoli.is>

Ágætu lesendur,

Hvert haust býður upp á nýja möguleika. Haustið er alltaf eins og fyrsta blaðsíðan í bókinni. Á haustin eru líka eins og nýir kaflar séu skrifaðir í bókum hvers og eins. Það er alltaf spennandi að byrja á nýrri síðu og nýjum kafla. Þannig er eins og skólafólkið eigi tvö vor á hverju ári, vorið í náttúrunni og vorið í börnunum á haustin. Það er notalegt og gleðilegt hlutskipti.

Nú er margt nýtt að sjá í skólanum, talsverðar endurbætur innandyra og girðing til að afmarka lóðina. Girðingin auðveldar okkur að fylgjast með nemendum og gæta þeirra betur. Nú um leið og skólinn er að byrja lýkur fyrsta áfanga en óljóst er hvenær næsti áfangi kemur til framkvæmda en hann er fyrst og fremst í kringum bílastæðið við Háteigsveg.

Nokkrar breytingar eru á starfslíði. Nýir kennarar eru Helena Pálsdóttir, umsjónarkennari í 4. bekk, Aron Páll Hauksson og Róbert Már Þorvaldsson eru nýir íþróttakennarar og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir er nýr enskukennari á miðstigi og kennari í sérkennslu. Einnig er Magnea Hrönn Stefánsdóttir, umsjónarkennari 8. bekkjar, komin aftur eftir leyfi. Ferreira Fidalgo og Rabia N. Jassim eru nýir skólaliðar við skólann og Aðalheiður Snæbjarnardóttir sér um ræstingu. Gyða Agnarsdóttir er nýr ritari, á móti Hrafnhildi Hjartardóttur, ritara, sem snýr til baka úr ársleyfi. Allt þetta góða fólk sem þegar hefur hafið störf bjóðum við hjartanlega velkomið til starfa.

Á hverju ári skrifum við nýja kafla í hugmyndafræði skólans. Við höldum ennþá áfram að styrkja leiklist í kennslu með margvíslegum hætti þó að móðurskóla- verkefninu sem stóð í þrjú ár sé lokið. Í því verkefni eru komnar nýjar áherslur þar sem til stendur að þróa samstarf við leikskóla og framhaldsskóla. Á síðasta ári tókum við upp merka nýjung sem við kölluðum verkhring þegar leið á veturinn. Verkhringurinn tókst svo vel að nú hyggjast miðstigskenningar gera tilraunir með svipað fyrirkomulag með nemendum sínum. Hér er um mjög merkilegt framtak kennara skólans að ræða því að þetta er nýjung sem þróuð hefur verið innan skólans. Hér í

fyrsta fréttabréfi haustsins er of lítið rými til að gera nánar grein fyrir verkhringnum eða þeim áætlunum sem uppi eru. Eg lofa nánari kynningu bæði í Háteigi og á kynningarkvöldum foreldra.

Í starfsmannahandbók skólans höfum við gert tilraun til að gefa þeirri aðferð heiti sem við notum til tryggja góða líðan nemenda og úrvinnslu vanda þegar útaf bregður. Fyrirhugað er að kaflinn í handbók starfsfólks verði einnig aðgengilegur í handbók foreldra og nemenda sem kemur út fyrir kynningarkvöldin. Þá er einnig vert að geta þess að við ætlum okkur að samhæfa betur það sem við köllum stoðþjónustu skólans en til hennar heyrir sérkennsla, móttökudeild og sértækur stuðningur við nemendur. Með samhæfingu teljum að mannaflí, húsnæði og þekking nýtist betur auk þess að kunnátta í þjónustu við einstaka nemendur varðveitist betur. Við erum einnig að gera okkur vonir um að umhverfisáætlun komist til framkvæmda í haust.

Eins og lesendur sjá er hér mikið líf í tuskunum og bjartsýni og kraftur í mannskapnum. Verið öll hjartanlega velkomin til starfa á nýju skólaári.

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla

Heitur matur í hádeginu

Nemendum býðst að vera í áskrift að heitum mat í hádeginu. Máltíðin kostar 250 kr. og borgað er mánaðarlega fyrirfram. Hægt er að segja mataráskriftinni upp með mánaðar fyrirvara. Ekki er hægt að kaupa staka máltíð. Umsóknareyðublöð fara heim með nemendum þriðjudaginn 22. ágúst og skal skila þeim til umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans á morgun, miðvikudaginn 23. ágúst.

Öryggiseyðublað

Allir nemendur fá í upphafi skólaársins heim með sér öryggiseyðublað líkt og við höfum notað undanfarin ár. Eyðublöðin nýtast mjög vel til að tryggja að allar upplýsingar um nemendur séu réttar í skrá skólans. Aðalkostur þeirra er að til þeirra getur starfsfólk gripið ef slys eða skyndileg veikindi ber að höndum. Forráðamenn eru beðnir um að sjá til þess að eyðublöðin berist umsjónarkennurum á morgun, miðvikudag.

Foreldraviðtöl, starfsdagar og vetrarfrí

Eins og kom fram á skóladagatali sem var sent heim í vor, verða foreldraviðtöl 10. október og 30. janúar.

Starfsdagar verða 9. október, 3. janúar, 22. janúar, 21. febrúar og 7. júní.

Vetrarfrí verða 2. – 6. nóvember og 22. – 23. febrúar.

Skólasund veturinn 2006 – 2007

Eins og undanfarin ár verður sundið á föstudögum í Sundhöll Reykjavíkur (fyrir og eftir hádegi) og í sundlaug Austurbæjarskóla (fyrir hádegi). Á fimmtudagsmorgnum verður einnig sundkennsla í Sundhöllinni.

Nemendur í 4. bekk eru í sundi allan veturinn og eru tímar þeirra á stundaskrá. Aðrir nemendur eru ýmist í sundi á haust- eða vormisseri. Nemendum í 1. – 7. bekk er ekið milli laugar og skóla. Á föstudagsmorgnum verða nemendur í 4. bekk að vera mættir aðeins fyrr en venjulega því rútan fer frá skólanum kl. 8:15. Nemendur í 1. – 3. bekk fara úr kennslustundum frá umsjónar-kennurum. Starfsmaður skólans fylgir nemendum 1. – 4. bekkjar í rútnni milli laugar og skóla.

Föstudagur:

Kl.	Frá skóla	
8:30-9:10	8:15	4. HP allan veturinn
9:10-9:50	8:55	3. GBJ haust / 3. HHP vor
10:10-10:50	9:55	2. IRB haust / 2. SÓ vor
10:50-11:30	10:35	4. KR allan veturinn
11:40-12:20	11:25	Aukatími
13:00-13:40	12:45	1. JOS haust og 1. RH vor

Skípti verða á 4. bekknum í janúar, þ.e. 4. KR byrjar þá fyrst á morgnana.

Nemendur í 5. og 7. bekk eru í sundi allan veturinn í Sundhöllinni á fimmtudagsmorgnum. Nemendur í 7. bekkjar mæta beint upp í Sundhöll kl. 8:25. Nemendum 5. – 7. bekkjar er ekið milli laugar og skóla nema 7. bekkjar sem mæta beint í Sundhöll á morgnana.

Fimmtudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10		7. JGJ	7. LP
9:10-9:50	8:55	5. HHF	5. ÍÓS

Föstudagur:

13:40-14:20	13:25	6. LG og RG
-------------	-------	-------------

Á föstudögum eru nemendur í 8. og 10. bekk í sundi í Sundhöllinni á haustmisseri og eru tímar þeirra skráðir á stundatöflu. 9. bekkur er síðan á vormisseri.

Kl.	Haustmisseri	Vormisseri
13:40-14:20	8. bekkur	
14:30-15:10	10. bekkur	9. bekkur

Síðasti sundtími hópa á haustmisseri er 13. janúar og nemendur vormisseris byrja 18. janúar.

Mjólkuráskrift

Í vetur verður hægt eins og undanfarin ár að kaupa mjólk í áskrift. Tímabilin verða tvö í ár og sala fyrir fyrra áskriftar-tímabil verður 23. og 24. ágúst í bekkjunum, en tekið verður við áskriftum til 25. ágúst. Forráðamenn geta líka greitt áskriftina með því að leggja inn á bankareikning skólans en þá verða þeir að koma með kvittun í skólann eða senda hana. Reikningsnúmerið er 0139-05-64112 og kennitala 671088-2639. Fyrsta afhending verður föstudaginn 25. ágúst og síðasta afhending tímabilsins er fimmtudaginn 12. janúar.

Áskrift:

Verð fyrir 83 skipti:	einföld	tvöföld (2svar á dag)
Léttmjólk ¼ l	1.950 kr.	3.900 kr.
Dreitill ¼ l	1.950 kr.	3.900 kr.

Ástundun nemenda

Allir kennarar skrá hegðun og mætingar nemenda í skólanum. Ástundun nemenda 6. – 10. bekkjar verður send heim á u.þ.b. mánaðarfresti. Allir foreldrar hafa netaðgang að upplýsingum um ástundun barna sinna ásamt fleiri upplýsingum sem kennari kys að setja á netið. Slóðin er <http://www.mentor.is>. Á unglíngastigi er skólasóknareinkunn sem birtist á prófskírteinum.

Heimanám fyrir nemendur í 5. – 10. bekk

Vonir standa til að hægt verði að bjóða nemendum 5. – 7. bekkjar upp á aðstoð í skólanum við heimanám. Því miður hefur ekki verið hægt að bjóða þetta undanfarna vetur því of fáir hafa sótt um. Lágmarkspáttaka í hvern tíma eru 12 nemendur.

Þetta verður nánar auglýst síðar.

Ábending frá íþrótt- og sundkennurum

Í íþróttatímum er ætlast til þess að nemendur séu í íþróttafötum og íþróttaskóm með ljósum sóla.

Nemendur eiga að klæðast sundfötum í sundtímum, þ.e. strákar í sundskýlum og stúlkur í sundbolum.

Minnisatriði í upphafi skóla

Hvers konar notkun farsíma er bönnuð í kennslustofum. Það á að vera slökkt á símum og þeir eiga að vera í töskum eða vösum. Verði misbrestur á er síminn tekinn af nemanda og hann aðeins afhentur forráðamanni. Farsímar, geislaspilarar og önnur verðmæti eru best geymd heima.

Hlaupahjól og bretti eru bönnuð í skólanum. Það eru engar geymslur eða hirslur fyrir þessa hluti og enginn möguleiki á því að leika sér á þeim á lóðinni.

Allir þurfa að muna eftir því að fá sér inniskó þar sem nemendur fara úr útiskóm við útidyr.

Nemendum 7. – 10. bekkjar gefst kostur á að fá lánaðan læstan skáp gegn 1000 kr. tryggingargjaldi sem fæst endurgreitt þegar lykli er skilað að vori.

Nemendur eru beðnir að forðast eins og kostur er að koma með verðmæti með sér enda getur skólinn ekki tekið neina ábyrgð á verðmætum ef þau hverfa.

Hjólreiðar eru ekki leyfðar á skólalóðinni á skólatíma.